

18. febrúar 2015

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fjórða ársfjórðungi og á árinu 2014:

Besti fjórði ársfjórðungur frá upphafi - 29% hagnaðaraukning á árinu

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir rekstrarárið 2014 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 18. febrúar 2015. Endurskoðendur félagsins hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar þann 19. mars nk.

- Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 273 m.kr., sem er 36% aukning á milli tímabila.
- Hagnaður ársins eftir skatta jókst um 29% á milli ára og nam 1.094 m.kr.
- EBITDA hagnaður ársfjórðungsins jókst um 4% á milli ára og nam 763 m.kr.
- EBITDA hagnaður ársins jókst um 3%. Góð EBITDA niðurstaða skýrist einkum af markvissum kostnaðaraðgerðum og góðri tekjustýringu.
- Framlegð jókst um 1% á ársfjórðungnum – 6% aukning á árinu.
- Kostnaðarverð lækkaði um 2% á ársfjórðungnum – 4% lækkun yfir árið í heild.
- Rekstrarkostnaður fjórðungsins var 5% lægri en á sama tímabili 2013.
- Rekstrarkostnaður á árinu jókst um 3% - öðru fremur vegna einkiptiskostnaðar við forstjóraskipti og innri kostnaðar við styrkingu innviða.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 54,7% í árslok 2014.

Lykiltöluyfirlit:

	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% breyt.	2014	2013	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.407	3.430	-23	-1%	13.236	13.176	60	0%
Kostnaðarverð	(1.844)	(1.882)	-38	-2%	(6.950)	(7.267)	-317	-4%
Framlegð	1.563	1.548	15	1%	6.286	5.909	377	6%
Rekstrarkostnaður	(1.125)	(1.189)	-64	-5%	(4.501)	(4.364)	137	3%
EBITDA	763	735	28	4%	3.092	2.996	96	3%
EBIT	438	359	79	22%	1.785	1.545	240	16%
Hrein fjármagnsgjöld	(96)	(109)	-13	-12%	(422)	(491)	-69	-14%
Hagnaður tímabilsins	273	201	72	36%	1.094	847	247	29%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>45,9%</i>	<i>45,1%</i>			<i>47,5%</i>	<i>44,8%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>22,4%</i>	<i>21,4%</i>			<i>23,4%</i>	<i>22,7%</i>		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Það er ánægjulegt að loka árinu 2014 með góðu uppgjöri, með hagnaði í fyrsta sinn vel yfir milljarð, eða aukningu um 29% milli ára. Hagnaður ársfjórðungsins eykst einnig um 36% á milli ára sem er ekki síður jákvætt í ljósi þess að samanburðurinn er við sögulega sterkan fjórða fjórðung árið 2013. Árið 2014 var um margt sérstakt. Fyrri hlutinn einkenndist af mikilli innri vinnu í tengslum við innviði og öryggismál félagsins en seinni hlutinn af sókn á fjölmörgum sviðum á sama tíma og ágætur árangur náðist á kostnaðarhliðinni.

Mikil uppbygging átti sér stað á kerfum félagsins á árinu, ekki síst á sviði farsíma og sjónvarpsdreifingar en þrátt fyrir það er félagið að skila frjálsu fjárlæði upp á 1.293 m.kr. Efnahagsreikningur félagsins var mjög sterkur í árslok með eiginfjárlutfallið 54,7% og hreinar vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA hagnaði 1,5.

Uppbygging 3G og 4G háhraðaþjónustuvæðis félagsins hélt áfram af krafti um allt land. Viðamikil uppbygging stafræns dreifikerfis RÚV var á ætlu og nánast lokið undir lok árs. Kerfið nær nú til 99,9% þjóðarinnar, en með því býðst fjölmörgum um allt land stóraukin sjónvarpsþjónusta. Við höfum lagt lokahönd á nýja stefnu fyrir félagið og á sama tíma hafa fjölmörg mikilvæg skref verið stigin á sviði nýjunga í þjónustu og vöruframboði, s.s. kynning RED varanna og M2M–lausna (e. Machine-to-Machine) fyrir fyrirtæki. Fleiri nýjungar eru framundan, ekki síst á sviði frekari uppbyggingar sjónvarpsþjónustu félagsins þar sem markmið okkar er skýrt; að taka forystu í sjónvarpsþjónustu á Íslandi. Nýja árið leggst því vel í okkur hjá Vodafone.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2010



Rekstrarafkoma á fjórða ársfjórðungi 2014:

Tekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2014 námu 3.407 m.kr. og lækkuðu um 1% eða 23 m.kr. í samanburði við sama tímabil 2013. Tekjur af interneti drógust saman um 53 m.kr. á ársfjórðungnum eða sem nemur 7% á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 26 m.kr. eða 6% á ársfjórðungnum og aðrar tekjur jukust um 31%, einkum af vörusölu og heilðsölu. Breytingar á lúkningarverðum, sem lækkuðu verulega um áramótin 2013-2014 samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, héldu áfram að hafa áhrif á tekjur félagsins út árið. Tekjur af farsíma lækkuðu um 100 m.kr., sem að stórum hluta má rekja til fyrrnefndra breytinga á lúkningarverðum. Gjöld félagsins vegna sömu breytinga lækkuðu hins vegar meira og því voru nettóáhrif þeirra jákvæð fyrir félagið. Framlegð fjórðungsins nam 1.563 m.kr. og hækkaði um 15 m.kr. eða 1% frá fjórða ársfjórðungi 2013. Rekstrarkostnaður nam 1.125 m.kr. á tímabilinu og lækkaði um 64 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2013, sem skýrist einkum af því að kostnaður fellur ólíkt milli fjórðunga á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 763 m.kr. og hækkaði um 4% frá sama ársfjórðungi 2013. EBITDA hagnaður félagsins hefur ekki verið hærri á fjórða ársfjórðungi. EBITDA hlutfall tímabilsins var 22,4%.

Hrein fjármagnsgjöld á ársfjórðungnum lækkuðu um 12% milli ára og námu 96 m.kr. á tímabilinu. Lækkunin skýrist öðru fremur af lægri hreinum vaxtaberandi skuldum en á sama tímabili 2013.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 342 m.kr. og hækkaði um 92 m.kr. frá fjórða ársfjórðungi 2013. Reiknaður tekjuskattur var 69 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam því 273 m.kr. sem er hækkun um 36% frá fyrra ári.

Breytingar á lúkningarverðum halda áfram að hafa áhrif á samanburð milli ára. Þannig lækkuðu tekjur Vodafone á fjórða ársfjórðungi um 75 m.kr. vegna breytinga á lúkningarverðum, kostnaðarverð lækkaði hins vegar um 81 m.kr. á sama tímabili. Breytt lúkningarverð hafa áhrif á samanburð allra ársfjórðunga 2014 við sömu fjórðunga ársins 2013.


Sjóðstreymi fjórða ársfjórðungs 2014:

Handbært fé frá rekstri fjórða ársfjórðungs 2014 nam 829 m.kr. og jókst um 22% á milli ára. Fjárfestingarhreyfingar á fjórðungnum námu 301 m.kr. sem er 247 m.kr. lækkun frá sama ársfjórðungi 2013. Breytinguna er einkum að rekja til framþyngri fjárfestinga félagsins á árinu 2014 en árið 2013. Styrking á sjónvarpsdreifikerfi félagsins vegna dreifi- og þjónustusamnings við RÚV og uppbygging 4G þjónustu veldur því að fjárfestingar dreifast með öðrum hætti nú en á árinu 2013.

Fjárfestingarnar voru áfram í samræmi við áætlanir félagsins á fjórðungnum. Gekk eftir að félagið var við efri mörk áður uppgefinna fjárfestingarviðmiða í lok árs, eins og útlit var fyrir við uppgjör þriðja ársfjórðungs, og námu þau 11,9% í hlutfalli af tekjum.

Handbært fé í lok ársfjórðungsins nam 528 m.kr. sem var 58 m.kr. hærra en í upphafi fjórðungsins.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 4F





Rekstrarafkoma ársins 2014:

Rekstrartekjur ársins 2014 námu 13.236 m.kr. og hækkuðu um 60 m.kr. á milli ára. Kostnaðarverð lækkaði á sama tíma um 317 m.kr. eða um 4%. Framlegð hækkaði um 377 m.kr. eða 6% frá fyrra ári og framlegðarhlutfall nam 47,5% samanborið við 44,8% árið 2013. EBITDA hagnaður hækkaði um 3% á milli ára og nam 3.092 m.kr. EBITDA hlutfall ársins hélt áfram að hækka á milli ára og fór úr 22,7% í 23,4% og hefur aldrei verið hærra. Hagnaður ársins nam 1.094 m.kr. og hækkaði um 29% frá fyrra ári. Þetta er í fyrsta sinn í sögu Vodafone sem hagnaður ársins fer yfir einn milljarð króna.

Efnahagur 31. desember 2014:

Efnahagur félagsins var sterkur í lok árs 2014 og jákvæð þróun á öllum helstu kennitölum efnahagsreikningsins. Eigið fé í lok tímabilsins var 8.503 m.kr. Eiginfjárlutfall var 54,7% og hefur ekki verið hærra frá upphafi. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.033 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 5.099 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 4.571 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,5. Veltufjárlutfall var sömuleiðis 1,5.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á árinu:

- Framan af einkenndist árið 2014 einkum af mikilli innri vinnu hjá Fjarskiptum hf. og styrkingu innviða. Mikilvægum áfanga var náð í júlí þegar félagið fékk vottað að stjórnkerfi þess fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Vottunin felur í sér formlega viðurkenningu á því að upplýsingaöryggi sé stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum hjá félaginu og fagleg vinnubrögð viðhöfð í hvívetna. Vottunin tryggir jafnframt stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum. Á árinu innleiddi félagið ennfremur öryggisstaðalinn PCI til að tryggja frekar öryggi kortaupplýsinga viðskiptavina. Eftir breytinguna eru engin kortanúmer geymd hjá félaginu, einungis sýndarnúmer.
- Á haustmánuðum hlutu Fjarskipti viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Viðurkenningin byggir á nákvæmri úttekt á starfsháttum stjórnar og stjórnenda Fjarskipta hf. Mat sitt byggði Rannsóknarmiðstöðin í meginatriðum á því hvort úttektin gefi til kynna að fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út.
- Háhraðaðþjónustuvæði Vodafone stækkaði með hraði á nýliðnu ári – fjöldi nýrra 3G og 4G senda voru gangsettir um land allt. Háhraðasamband út á hafflötinn er nú einnig í boði fyrir sjófarendur á völdum svæðum, svo sem á miðunum út frá Vestmannaeyjum og Bolungarvík. 4G þjónustuvæði Vodafone er nú hið stærsta á landinu, nær til ríflega 77% landsmanna, og er uppbyggingu hvergi nærri hætt.
- Góður gangur er í endursamningum og hefur fjöldi öflugra nýrra viðskiptavina bæst í viðskiptamannahóp Vodafone, ekki síst í sjávarútvegi. Má þar nefna Samherja og Vinnslustöðina, auk Icelandair, Landsbankans, Actavis og fleiri stöndugra fyrirtækja.
- Í lok árs 2014 hyllti undir lok uppbyggingar félagsins á nýju dreifikerfi RÚV. Verkefnið hófst árið 2013 með því að Vodafone vann útboð á móti TeleNor, um uppbyggingu nýs stafræns dreifikerfis. Þann 2. febrúar sl. urðu kaflaskil í íslenskri fjarskiptasögu þegar slökkt var á gamla hliðræna dreifikerfinu og nýja kerfið tók við. Færir það 99,9% landsmanna útsendingar í stórbættum gæðum og aukið úrval af sjónvarpsefni. Verkið var alla tíð á áætlun og vannst í góðu samstarfi við RÚV.
- Emerald verkefnið hefur gengið hægar en upphaflega var áætlað og er nú sem fyrr háð óvissu um endanlega niðurstöðu. Nú liggur fyrir að tafir verði á að strengurinn verði tekinn í notkun og ríkir nokkur



Óvissa um verkefnið og þar af leiðandi nákvæmar tímasetningar. Félagið verður ekki fyrir fjárhagslegum skaða þó verkefnið tefjist eða ekki verði af því.

- Vodafone býður M2M-lausnir til viðskiptavina sinna auk þess sem samvinna er við íslensk nýsköpunarfyrirtæki og Vodafone Global um þróun og sölu slíkra lausna. Í upphafi árs 2015 gerðu Vodafone og nýsköpunarfyrirtækið Controlant með sér samning um að Vodafone verði endursöluaðili á rauntímaskynjara Controlant, íslensku hugviti á sviði M2M-lausna, sem félögin hafa í sameiningu unnið að því að þróa undanfarin ár. Uppfinningin nýtist m.a. til að gera aðilum sem flytja viðkvæman varning kleift að tryggja gæði hans með notkun rauntímavöktunar.
- Framkvæmd endurkaupaáætlunar félagsins hófst á þriðja ársfjórðungi. Þann 31. desember hafði félagið fest kaup á 4.726.110 eigin hlutum og átti að viðskiptunum loknum 1,39% af útgefnum hlutum í félaginu. Birtingardaginn 18. febrúar, hefur félagið fest kaup á 4.965.110 eigin hlutum og á sem nemur 1,46% af útgefnum hlutum í félaginu. Samkvæmt áætluninni munu endurkaupin nema að hámarki 9.400.000 hlutum eða sem nemur 2,8% af útgefnum hlutum í félaginu, þó ekki meira en 300.000.000 kr. að kaupverði. Endurkaupaáætlunin gildir til 28. febrúar 2015.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2015

Stjórn Fjarskipta hf. hefur ákveðið að birta eftirfarandi horfur fyrir árið 2015.

- EBITDA hagnaður ársins 2015 verði á bilinu 3,1 til 3,3 milljarður króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5 til 11,5%.
- Stjórn félagsins leggur til að arður verði greiddur út til hluthafa að fjárhæð 219 millj.kr. á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014, eða 0,65 kr. á hlut. Jafnframt mun stjórn félagsins leggja fyrir aðalfund tillögu um að lækka eigin bréf sem félagið hefur keypt samkvæmt ofangreindri endurkaupaáætlun. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Kynningarfundur 19. febrúar 2015:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 19. febrúar 2015 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni www.vodafone.is/fjarfestatengsl



Fjárhagsdagatal 2015:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Aðalfundur 2015: | 19. mars. 2015 |
| ✓ Uppgjör 1F 2015: | 29. apríl 2015 |
| ✓ Uppgjör 2F 2015: | 19. ágúst 2015 |
| ✓ Uppgjör 3F 2015: | 28. október 2015 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2015 | 17. febrúar 2016 |

Aðalfundur 2016 verður haldinn í viku 11 árið 2016.

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.